



Sundlaug

Opnunartími:

Sundlaug Svalbarðsstrandar er opin fyrir almenningi á tímabilinu júní til ágúst ár hvert. Opnunartími sumarið 2015 er sem hér segir:

Þriðjudaga	kl. 15-19
Miðvikudaga	kl. 15-19
Fimmtudaga	kl. 15-19
Föstudaga	kl. 15-19
Laugardaga	kl. 11-15

Gjaldskrá:

Aðgangur á opnunartíma. Engin gjaldtaka.

Sundlaugarvörður: Haraldur Gunnþórsson. Sími: 867-6617.

Aðgangsreglur:

Börn yngri en 10 ára þurfa að vera í fylgd með syndum einstaklingi, 15 ára eða eldri. Miðað er við afmælisdag barns. Hver fullorðinn má hafa með sér tvö börn, nema ef um foreldri/forráðamann sé að ræða, þá má hafa fleiri. Sjá nánar í reglugerð um hollusthætti á sund- og baðstöðum nr. 814/2010.

Frá Æskunni

Aðalfundur Æskunnar var haldinn 6. júní s.l. og var eftirfarandi stjórn kosin:

Linda Stefánsdóttir, formaður,
Starri Heiðmarsson, gjaldkeri,
Harpa Barkardóttir, ritari,
Svala Einarsdóttir, varaformaður, og
Edda Línberg, meðstjórnandi.

Netfang félagsins er aeskan@umse.is

Við erum að leita að frjálsíþróttapjálfa og þegar hann finnst þá verður frítt að æfa frjálsar í sumar. Endilega hafið samband ef þið eruð með einhverjar óskir eða spurningar varðandi starfið.

Bestu kveðjur,
stjórnin

Fjáröflun unglिंगadeildar Valsárskóla

Klósettpappír og eldhúsrúllur: 48 WC-rúllur kosta 7.000 kr, 24 WC-rúllur kosta 3.500 kr. og 15 eldhúsrúllur 3.800 kr. Til að panta pappír má hafa samband við Jónu Valdísi í síma 848-7214 eða í tölvupósti á netfangið jonav@internet.is.

Fréttir frá Álfaborg

Í júní gerum við ýmislegt skemmtilegt, förum í Betlehem og grillum þar, (sumarparadís Hönnu Dóru) skoðum sýningar Safnasafnsins, förum í skúðgöngu með blöðrur þann 16. júní og höfum íþróttadag upp á íþróttavelli. Sumarhátíð Álfaborgar er 3.júlí, síðasta dag fyrir sumarlokun og við opnum aftur 4. ágúst.

Njótið sumars
Álfaborgarfólk

Bókasafn

Bókasafnið er opið á mánudögum kl. 17:00-19:00, en þess utan er hægt að komast á bókasafnið þegar skrifstofa sveitarfélagsins er opin.

Næstu rusladagar

- 18. júní - Almennt sorp
 - 2. júlí - Almennt sorp
 - 9. júlí - Endurvinnsla
 - 16. júlí - Almennt sorp
-

Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 21. júlí

Litið um öxl

Hér er brot úr ferðasögu sem birtist í tímaritinu *Vorið* í júní 1952.

Guðvin Gunnlaugsson:

“Ég hlakka til að fara heim”

Föstudaginn 16. júní 1950, voru börnin í eldri deild barnaskólans á Svalbarðsströnd snemma á fótum. Og grunur minn er sá, að sum þeirra hafi ekki sofð værum svefni þá nótt. Hver getur líka undrast það, þó að svefninn verði óvæx hjá 12 og 13 ára mey og sveini, nóttina áður en þau eiga að sjá höfuðborg Íslands í fyrsta skipti. Það hafði sem sé verið ákveðið að fara alla leið til Reykjavíkur og Þingvalla, því að óvenjulega mikið var í ferðasjóðnum, en börnin svo fá, að þau komust með flutningabil af Svalbarðseyri, sem var þó í suðurferðum.

Lagt var af stað frá Svalbarðseyri klukkan átta. Veðrið var ekki sem ákjósanlegast, þokuloft og útsýn því ekki góð, en við vonuðum, að birti til, þegar fram á daginn kæmi. Var nú haldið sem leið liggur til Akureyrar, en þar var aðeins stutt viðstaða. [...]

Ferðin hafði gengið vel og veðrið var hið fegursta, enda var glatt á hjalla, meðan nestið var framreitt og borðað af beztu lyst. Bílstjórinn tók mynd af okkur meðan við mótuðumst, því að auðvitað var spánný myndavél með í förinni og talsvert mikið notuð.

Eftir skemmtilega hvíld og góða hressingu, var haldið af stað á ný. Ekki var teljandi að eftir það, nema stundarkorn í Hvallfirði. Var sumum farin að finnast leiðin löng, og oft var búið að spyrja, hvað langt væri eftir til Reykjavíkur.

Loks blasti hin sunnlenska höfuðborg við augum Norðlendinganna, sem renndu til hennar forvitnum löngunaraugum. Bíllinn flutti okkur óðflugla nær og nær, og loks ókum við inn í borgina klukkan níu um kvöldið. [...]

Ferðasögurni lýkur því hér. En það, sem mér er minnistæðast frá þessari ferð er það, sem annar drengurinn sagði, er ég kvaddi börnin við bílinn, þegar þau voru að leggja af stað heim. Hann sagði eitthvað á þessa leið: “Ég hlakkaði mikið til að fara hingað, en nú hlakka ég alveg eins mikið til að fara heim aftur.”

Ungu vinir, sem þetta lesið, ég vildi óska, að sem flest ykkar gætu sagt það sama, að það bezta við hvert ferðalag sé það að fá að koma heim aftur.

Vorið, 2. tbl. (01.06.1952), bls. 55-59.

http://tímarit.is/view_page_init.jsp?pageId=4564051